



Leiðbeiningar

6.11.5. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Bílgeymslur

Í grein 6.11.5 í byggingarreglugerð segir:

„Bílgeymslur skal loftræsa á fullnægjandi hátt þannig að allar hættulegar og sprengifimar lofttegundir séu fjarlægðar og tryggt sé með fullnægjandi hætti að hættulegar lofttegundir safnist ekki fyrir. Sérstök aðgát skal höfð við hönnun og frágang loftræsingar í bílgeymslum þegar gólf er niðurgrafið. Kerfið skal hannað í samræmi við kröfur og staðla sem gilda um slík kerfi.

Í bílgeymslum í notkunarflokki 1 eða 2 skal vera sjálfstætt loftræsikerfi sem skal geta fjarlægt sprengifimar og hættulegar lofttegundir úr geymslunni. Loftræsikerfið skal vera sjálfvirkt, tryggja fullnægjandi loftgæði og að ekki skapist sprengihætta eða hætta fyrir fólk. Sleppa má slíku kerfi í bílgeymslum minni en 600 m² með gólf yfir jörð, ef á gagnstæðum hliðum hennar eru loftræsiop jafndreifð við gólf og loft, samanlagt minnst 0,5% af gólfleti bílgeymslunnar.

Gólf bílgeymslna skulu vera vatnspétt með halla að niðurföllum sem staðsett eru með hæfilegu millibili þannig að vatn liggi ekki á gólfletinum. Veggir, gólf og loft skulu gerð úr efnum sem þola það álag vegna bruna og raka sem gera má ráð fyrir að verði í bílgeymslunni. Ekki má nota sameiginlega bílgeymslu til annars en geymslu á ökutækjum og því sem þeim fylgir.

Bílgeymslur og umferðarleiðir að og frá þeim skulu hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar þegar bygging sem hún tilheyrir fellur undir ákvæði um algilda hönnun.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

1 Í 5. mgr. 6.11.5 gr. segir: „Bílgeymslur og umferðarleiðir að og frá þeim skulu hannaðar á grundvelli algildrar hönnunar þegar bygging sem hún tilheyrir fellur undir ákvæði um algilda hönnun.“

a Tryggja skal góðan hindrunarlausan aðgang að inngöngum bygginga frá bílastæðum hreyfihamlaðra í bílgeymslum.

Þess skal gætt að næg bílastæði fyrir hreyfihamlaða séu við byggingar, sjá töflur 6.01 - 6.04. í 6.2.4 gr. byggingarreglugerðar, Bílastæði hreyfihamlaðra.


b Bílastæði fyrir hreyfihamlaða skulu vera sem næst inngangi að byggingum úr bílageymslum, ekki fjær en að hámarki 25 metra. Ef stæði fyrir hreyfihamlaða eru mörg og



Leiðbeiningar

ekki er unnt að koma þeim öllum fyrir innan 25 metra fjarlægðar frá inngangi skal þess sérstaklega gætt að sem flest þeirra uppfylli ákvæðið.

- c** Mælt er með að bílastæði hreyfihamlaðra séu upphækkuð í gönguleiðarhæð ef þær eru í öðrum kóta en gólf bílgeymslunnar.
- d** Við útfærslu á bílastæðum fyrir hreyfihamlaða skal taka tillit til rýmisparfa hjólastólanotenda.
- e** Bílastæði fyrir hreyfihamlaða skal vera 3,8 m að breidd og 5,0 m að lengd eða 2,80 m x 5,00 m með hindrunarlausu 1,00 m breiðu umferðarsvæði samsíða. Fimmta hvert stæði fyrir hreyfihamlaða skal vera 4,5 m x 5,0 m að stærð með þriggja metra löngu athafnasvæði fyrir enda þess eða alls 4,5 m x 8,0 m að stærð (fyrir ferðaþjónustubíla og aðra bíla fyrir hreyfihamlaða með lyftu að aftan). Þó skal aldrei vera færri en eitt slíkt stæði við hverja byggingu (oftast höfð utandyra).
- f** Bílastæði hreyfihamlaðra sem eru samsíða akbraut skulu vera 2,5 m x 8,0 m að stærð og þess gætt að hindrunarlaust svæði sé samsíða stæðunum gönguleiðarmegin 2,0 m x 8,0 m að stærð.




Mynd 2. Dæmi um bílastæði langs götu

- g** Krafan um 3,8 metra breidd bílastæða gerir það mögulegt að hjólastólanotandi geti flutt sig yfir í hjólastólinn eða notað hækjur/stafi við hlið bílsins.
- h** Bílastæði fyrir hreyfihamlaða þarf 2,6 m fría lofthæð, svo stærri bílar og ferðaþjónustubílar geti notað þau. Þetta á einnig við um til dæmis undir skyggnum, útskagandi skiltum, útskagandi byggingarhlutum og þess háttar.
- i** Hámarks halli á bílastæðum hreyfihamlaðra er 1:40 (2,5 Meiri halli gerir hreyfihömluðum og hjálpatækjanotendum afar erfitt fyrir að athafna sig.
- j** Nauðsynlegt er að að minnsta kosti 1 metra breið gönguleið sé á milli bílastæða með nokkurra stæða millibili svo tryggt sé að hjólastólanotendur og gangandi komist frá bílastæðum að gangstétt. Þessa gönguleið er nauðsynlegt að merkja á yfirborði til dæmis með því að mála hana með röndum á ská (45°).



Leiðbeiningar



Mynd 3. Dæmi um bílastæði hreyfihamlaðra

- k** Nauðsynlegt er að merkja stæði fyrir hreyfihamlaða bæði í yfirborðsefni og með lóðréttum skiltum. Merking bílastæða fyrir hreyfihamlaða í yfirborðsefni skal vera hvítmálað merki hreyfihamlaðra á dökkbláum grunni. Forðast skal að heilmála bílastæði fyrir hreyfihamlaða því málningin fyllir upp í holur í malbiki og hellum og veldur því að yfirborðið verður of hált.

Lóðrétt skilti skulu vera merkt bókstafnum P og merki hreyfihamlaðra. Gæta þarf þess að lóðrétt skilti séu ekki staðsett í gönguleiðum og athafnarýmum. Æskilegt er að þau séu fest á vegg bygginga þar sem því verður við komið, annars við jaðar gönguleiða og athafnarýma fjær götu/bílastæði.




Mynd 4. Dæmi um yfirborðsmerkingu



Mynd 5. Dæmi um lóðrétt skilti

- l** Kantur frá til dæmis bílastæði að fláa á gönguleið má að hámarki vera 25 mm hár til að fólk í hjólastól geti farið um hann. Kanturinn er nauðsynlegur sjónskertu eða blindu fólki til að nema gönguleið frá annari umferð. Æskilegt er að flái sé í öðrum lit en gönguleið og gata þannig að sjónskertir sem ekki nota hvítan staf geti betur greint hæðamismun og halla. Hámarks halli á fláanum er 1:10 (10%). Ef hallinn er meiri er hættu á að hjólastóllinn velti.



Mynd 6. Dæmi um fláa í gangstétt

Tilvísanir

<http://www.rabygg.is/adgengi/>